



## ERINDISBRÉF

### Veitunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps.

#### I. Kafli Almenn ákvæði

##### 1. gr.

Veitunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps er skipuð af sveitarstjórn og heyrir beint undir hana. Nefndin fjallar um verklegar framkvæmdir, veitustarfsemi, rekstur og uppbyggingu mannvirkja, og margvíslega þjónustu við íbúa sveitarfélagsins, eins og nánar greinir í erindisbréfi þessu. Kjörtímabil nefndarinnar er hið sama og sveitarstjórnar og skal hún skipuð að afloknum sveitarstjórnarkosningum.

##### 2. gr.

Nefndin skal skipuð þremur aðalmönnum og þremur til vara. Formaður er tilnefndur af sveitarstjórn en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Umsjónarmaður aðveitna starfar með nefndinni.

Starfsmenn áhaldahúss og umsjónarmaður fasteigna sitja fundi nefndarinnar þegar þurfa þykir. Auk nefndarmanna eiga sveitarstjórnarfulltrúar og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögu rétt.

##### 3. gr.

Markmið með starfi veitunefndar er að vinna að uppbyggingu og rekstri grunninnviða sveitarfélagsins. Ákvarðanir nefndarinnar og vinna skulu fyrst og fremst vera í þágu allra íbúa sveitarfélagsins, sem leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni, að setja ávallt almenningshagsmuni ofar sérhagsmunum hvort heldur er sínum eigin eða einstakra hópa.

##### 4. gr.

Ákvarðanir nefndarinnar taka formlega gildi við staðfestingu sveitarstjórnar. Nefndin getur enga bindandi ákvörðun tekið nema með samþykki sveitarstjórnar. Ákvarðanir veitunefndar, sem hafa í för með sér fjárhagslegar skuldbindingar umfram fjárhagsáætlun, eru ekki bindandi fyrir sveitarfélagið fyrr en þær hafa hlotið staðfestingu sveitarstjórnar.

##### 5. gr.

Nefndinni er ætlað að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn varðandi þau erindi sem berast. Nefndarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Grímsnes- og Grafningshrepps í atkvæðagreiðslum um málefni á vegum nefndarinnar.

##### 6. gr.

Nefndarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. sbr. 4. mgr. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



## II. Kafli Fundir og starfshættir

### 7. gr.

Formaður eða tiltekinn aðili í umboði formanns boðar til funda svo oft sem þurfa þykir og stjórnar þeim. Funda skal eigi sjaldnar en átta sinnum á ári. Boðað skal til fundar ef að minnsta kosti tveir nefndarmenn óska eftir því enda sé fundarefni tilgreint. Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skili hann efni þess til formanns a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Nefndinni er heimilt að ákveða að fundir verði boðaðir með rafrænum hætti. Til fundar telst löglega boðað hafi allir nefndarmenn, eða varamenn í forföllum þeirra, ásamt þeim sem seturétt eiga á fundunum, verið boðaðir með a.m.k. tveggja sólahringa fyrirvara og þeim jafnframt greint frá dagskrá fundarins. Komi upp mál sem krefst skjótrar úrlausnar getur fyrirvari um fundarboðun verið skemmri ef enginn nefndarmanna mælir gegn því. Fundir nefndarinnar skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum. Nefndin getur boðað á sinn fund starfsmenn sveitarfélagsins ef hún telur þess þörf. Einnig getur hún boðið öðrum aðilum að koma á fund nefndarinnar til viðræðna um ákveðin mál.

### 8. gr.

Veitunefnd skal rita fundargerð í tölvu samkvæmt fyrirmynd af fundargerð frá Grímsnes- og Grafningshreppi. Fundargerð skal ritari skila sem fyrst til sveitarstjóra sveitarfélagsins.

### 9. gr

Fundargerðir veitunefndar skulu lagðar fyrir sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps til staðfestingar. Sveitarstjóri sér um að fundargerðin sé tekin á dagskrá næsta fundar sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps og jafnframt sér sveitarstjóri um að tilkynna aðilum mála, sem afgreidd eru í veitunefnd, um málalok. Skrifstofa sveitarfélagsins sér um að birta fundargerðir á vefsíðu Grímsnes- og Grafningshrepps.

## III. Kafli Hlutverk og verkefni

Nefndin hefur faglega umsjón með verklegum framkvæmdum í sveitarfélaginu og gerir tillögur til sveitarstjórnar varðandi verkefni tengd eftir töldum eignum sveitarfélagsins. Nefndin skal hafa eftirlit með því að stofnanir og deildir starfi innan laga, reglugerða og samþykktar hverju sinni. Veitunefnd er ráðgefandi nefnd sem gerir tillögur til sveitarstjórnar.

Helstu hlutverk nefndarinnar eru:

- Að fara með verklegar framkvæmdir á sviði umferðar- og samgöngumála í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Að ákveða framkvæmdir í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.
- Að gera viðhaldsáætlanir um endurnýjun og viðhald á sviði gatnamála, göngustíga, reiðstíga og annara umferðarmannvirkja.
- Að vera með umsjón og ábyrgð á götulýsingu í sveitarfélaginu.
- Að ákveða þjónustustig árstíðabundinna þjónustuþátta.
- Að framfylgja lögum um eftirlit með leiksvæðum og leiktækjum á opnum svæðum.



- Að móta fag- og fjárhagslegt umfang verkefna ungmenna við sumarstörf.
- Að hafa eftirlit með að rekstur tjaldsvæðis í eigu sveitarfélagsins sé í góðu horfi.
- Að hafa eftirlit með skipulagi og starfssemi þjónustumiðstöðvar.
- Að annast stærri viðhaldsverkefni fasteigna sveitarfélagsins sem tilheyra eignasjóði, félagslegum íbúðum og leiguíbúðum.
- Að hafa eftirlit með því að samþykkt markmið sveitarstjórnar í þeim málaflokkum er snúa að valdsviði nefndarinnar nái fram að ganga.
- Að hafa, í umboði sveitarstjórnar, eftirlit með undirbúningi verklegra framkvæmda á vegum sveitarfélagsins og fylgjast með framkvæmd verkanna.
- Að vinna önnur þau verkefni er sveitarstjórn felur nefndinni og falla að starfssviði hennar.
- Að fara, í umboði sveitarstjórnar, með stjórn hitaveitu Grímsnes- og Grafningshrepps skv. reglugerð um hitaveitu nr. 252/2001, vatnsveitu og fráveitu.
- Að gera áætlanir um öflun og dreifingu á köldu vatni og vinnur að framkvæmd þeirra í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar og gildandi lög á hverjum tíma.
- Að semja framkvæmda- og fjárhagsáætlanir og leggja fyrir sveitarstjórn.
- Að semja gjaldskrár og leggja fyrir sveitarstjórn.
- Að ákveða framkvæmdir í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar.
- Að vinna samkvæmt samþykktum markmiðum, reglugerðum og öðrum samþykktum um veitustarfsemi og verklegar framkvæmdir og gera tillögur um útfærslu þeirra til sveitarstjórnar.

#### IV. Kafli Þóknun og gildistaka

##### 9. gr.

Fundarþóknun skal vera í samræmi við þóknun annarra nefnda á vegum Grímsnes- og Grafningshrepps.

##### 10. gr

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn og fundarsköp fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp.

Erindisbréf þetta hefur verið samþykkt af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps þann 1. júlí 2020 og tekur þegar gildi.